

## Fundur í skólaráði 31. janúar 2019.

---

Mætt: Ólöf Inga Andrésdóttir skólastjóri, Anna Bergrós Arnarsdóttir deildarstjóri, Marías Benedikt Kristjánsson deildarstjóri, Þorbjörg Ólafsdóttir fulltrúi kennara, Elfa Björk Jóhannsdóttir, Katrín Ósk Steingrímisdóttir fulltrúi foreldra, Regína Ólafsdóttir fulltrúi foreldra, Svavar Máni Geislason fulltrúi nemenda og Aron Sveinn Davíðsson fulltrúi nemenda.

1. Farið yfir heimasíðu en ný heimasíða skólans opnaði í júní. Fulltrúar í skólaráði hvattir til að koma með upplýsingar til stjórnenda ef þeir sjá eitthvað sem má betur fara á heimasíðunni.
2. Skóladagatal. Ólöf sýnir fyrstu drög að skóladagatali næsta skólaárs. Farið er yfir hvað litirnir tákna s.s. skertir nemendadagar sem hafa sinn lit og skipulagsdagar sem hafa sinn lit. Borið undir fundinn hvað mönnum finnst um haustfrí og vetrarfrí. Ætti að afnema þau eða halda þeim inni. Fram kemur að nemendum finnst gott að fá frí. Það er þó sett spurningarmerki við það þar sem sumir foreldrar eiga ekki kost á að taka frí á þessum tíma og ungir krakkar fara í Frístund og fá þá ekki almennilegt frí frá skóla. Kannski er nóg að hafa svona frídaga á skólaárinu einu sinni en ekki tvisvar sinnum.
3. Skólapúlsinn. Anna Bergrós fer yfir niðurstöður nemendakönnunar sem nú liggja fyrir. Helmingur 6. – 10. bekkjar eru búin að svara könnuninni. Þættir undir flokknum virkni í skólanum eru undir landsmeðaltali, þó munurinn sé lítill. Einstaka liðir opnaðir og svörin skoðuð.
4. Önnur mál.
  - a. Regína bendir á að í vor verði Krabbameinsfélagið með fræðslu fyrir aðstandendur og starfsmenn skóla um börn sem eiga náinn aðstandenda með krabbamein. Nánari dagsetning og kynning kemur síðar.
  - b. Næsti skólaráðsfundur 21. febrúar.
  - c. Rætt um símabann. Engin ákvörðun tekin en rætt um ýmis vandamál tengd farsímanotkun nemenda.

Fleira ekki rætt.

Anna Bergrós ritar fundargerð.